

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem fellur undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt gjaldskrá þessari sem sett er samkvæmt 5. gr. sömu laga. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I | kr. 12.200 |
| b) Fyrir sérfræðinga II | kr. 10.900 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 9.600 |

2. gr.

Skordýragreining.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 2.000.

3. gr.

Útgáfa rita.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--|-----------|
| a) Fyrir Fjölrit Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika | kr. 2.000 |

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. mars 2012.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.